# YFIRLÝSING

## um fjárvörslur og verðbréfaskrá skv. reglugerð nr. 1192/2005

Undirritaður lögmaður gefur hér með stjórn Lögmannafélags Íslands svofellda yfirlýsingu um fjárvörslur og verðbréfaskrá, sbr. 11. og 12. gr. reglugerðar nr. 1192/2005 um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl., skv. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 77/1998, sbr. 14. gr. laga nr. 93/2004.

Það staðfestist hér með að staða fjárvörslureiknings/-reikninga í innlánsstofnun sem ég, undirritaður lögmaður, held fyrir viðskiptamenn mína, er ekki lægri en staða vörslufjár skv. bókhaldi mínu, miðað við 31. desember 2023, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 1192/2005.

Jafnframt staðfestist að:

- ○ Ég varðveiti ekki og hef ekki umsýslu með verðbréfum fyrir umbjóðendur mína og held þar af leiðandi ekki verðbréfaskrá skv. 9. gr. reglugerðar nr. 1192/2005.
- ○ Ég held skrá skv. 9. gr. reglugerðar nr. 1192/2005 um öll þau verðbréf sem ég varðveiti og hef umsýslu með fyrir umbjóðendur mína

| | |
|---|---|
| Undirritun lögmanns / nafn ef rafrænt undirritað | Undirritun lögmanns / nafn ef rafrænt undirritað |
| Undirritun lögmanns / nafn ef rafrænt undirritað | Undirritun lögmanns / nafn ef rafrænt undirritað |
| Undirritun lögmanns / nafn ef rafrænt undirritað | Undirritun lögmanns / nafn ef rafrænt undirritað |

Undirskrift lögmanns/lögmanna, sem yfirlýsing þessi nær til.

## Staðfesting löggilts endurskoðanda um fjárvörslur:

Undirritaður löggiltur endurskoðandi kannaði stöðu [Fjöldi reikninga / Má ekki vera 0] ______ (Fjöldi, a.m.k. 1) fjárvörslureiknings/a í banka pr. 31. des. 2023 og bar saman við bókfærða skuld við viðskiptamenn vegna vörslufjár, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1192/2005, um fjárvörslur lögmanna o.fl. Undirritaður löggiltur endurskoðandi staðfestir hér með að staða viðkomandi fjárvörslureiknings/a í banka er ekki lægri en staða vörslufjár skv. bókhaldi þess lögmanns/lögmanna/lögmannsstofu sem undir yfirlýsingu þessa hafa ritað.

______________________
Dagsetning

Undirritun löggilts endurskoðanda /nafn ef undirritað rafrænt
Löggiltur endurskoðandi

> Lögmönnum er skylt að hafa vörslufjárreikninga samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um lögmenn. Því má tilgreindur fjöldi vörslufjárreikninga í fjárvörsluyfirlýsingu aldrei vera 0. Þetta á við um alla lögmenn sem ekki hafa fengið undanþágu frá skyldum 1. mgr. 12. gr. (fulltrúar og innanhússlögmenn). Þetta á einnig við um þá lögmenn sem í raun varðveita ekki fjármuni fyrir umbjóðendur sína og enda þótt engar hreyfingar hafi verið á vörslufjárreikningum á árinu.
>
> Öllum lögmönnum sem ekki hafa fengið undanþágu, sbr. framangreint, er skylt að fá undirritun löggilts endurskoðanda til staðfestingar á því að staða vörslufjárreikninga sé í samræmi við stöðu í bókhaldi við árslok. Þetta á við enda þótt engar hreyfingar hafi verið á vörslufjárreikningum á árinu.

## Staðfesting löggilts endurskoðanda um verðbréfaskrá (ef við á):

Undirritaður löggiltur endurskoðandi staðfestir hér með tilvist verðmæta, sem tilgreind eru í skrá skv. 9. gr. reglugerðar miðað við 31. desember 2023. Frumrit verðbréfaskrárinnar, sem staðfesting þessi nær til, er í vörslu lögmannsins/lögmannanna/lögmannsstofunnar, staðfest af undirrituðum. Afrit frumritsins er í minni vörslu.

______________________
Dagsetning

Undirritun löggilts endurskoðanda /nafn ef undirritað rafrænt
Löggiltur endurskoðandi

> Einungis þeim lögmönnum sem varðveita verðbréf fyrir umbjóðendur sína er skylt að fá staðfestingu löggilts endurskoðanda á tilvist þeirra verðbréfa sem tilgreind eru í verðbréfaskrá lögmanna í árslok.